

Ársskýrsla Fagdeildar hjúkrunarfræðinga sem sinna einstaklingum með sykursýki 2022

Félagafjöldi: 82 félagsmenn

Stjórn fagdeildar á starfsárinu:

Núverandi stjórn

Rut Gunnarsdóttir var kosin formaður til tveggja ára (2021-2023)

Erla Kristófersdóttir var kosin gjaldkeri til tveggja ára (2021-2023)

Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir var kosin ritari til tveggja ára (2022-2024)

Ingrid Maria Svensson var kosin varamaður til tveggja ára (2022-2024)

Hildur Björg Ingibertsdóttir var kosin varamaður til tveggja ára (2021-2023)

Kristín Einarisdóttir var kosin varamaður til tveggja ára (2022-2024)

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári

Rut Gunnarsdóttir var kosin formaður til tveggja ára (2023-2025)

Erla Kristófersdóttir var kosin gjaldkeri til tveggja ára (2023-2025)

Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir var kosin ritari til tveggja ára (2022-2024)

Ingrid Maria Svensson var kosin varamaður til tveggja ára (2022-2024)

Kristín Linnet Einarisdóttir var kosin varamaður til tveggja ára (2022-2024)

Elísabet Ester Sævarsdóttir var kosin meðstjórnandi til tveggja ára (2023-2025)

Hildur Björg Ingibertsdóttir gaf ekki kost á sér áfram í stjórn og við þökkum henni fyrir vel unnin störf innan fagdeildarinnar. Aðrir stjórnarmeðlimir gefa kost á sér að sitja áfram stjórn.

Félagsgjald: Verður óbreytt 2.500 krónur

Stjórnarfundir: Stjórnarfundir hafa verið tveir á árinu: 19. september og 7. nóvember 2022.

Aðalfundur var haldinn 3. mars 2022 í Teams fjarfundarbúnaði fyrir meðlimi fagdeildarinnar.

Hér skal telja upp helstu verkefni eða starfsemi fagdeildar á liðnu starfsári s.s. fræðslufundir, ráðstefnur, þing, fréttabréf, facebook síða, vefsvæði, heimsóknir, vísindaferðir, bíókvöld, samstarf við aðrar fagdeildir og eða aðrar heilbrigðisstéttir, samstarf við Fíh, fundir sem fagdeildin sat t.d. fundir með fagsviði Fíh, gerð gæðahandbókar, endurskoðun starfreglna, stefna fagdeilda í hjúkrunar- og heilbrigðismálum, ályktanir og svo framvegis eða hvaðeina sem fagdeildin hefur verið að gera og vill segja frá.

Innlend starfsemi:

Það voru haldin fjögur málþing og einn hringborðsumræðufundur fyrir hjúkrunarfræðinga sem sinna einstaklingum með sykursýki. Fjarfundabúnaður var í boði fyrir landsbyggðina og þá sem komust ekki á fundina og voru fundir vel sóttir.

Fjórir fræðslufundir í fræðslufundaseríu Fagdeildar hjúkrunarfræðinga sem sinna einstaklingum með sykursýki í samstarfi við Novo Nordisk voru haldnir á haustmánuðum 2022. Allt efni fræðslufunda var tengt sykursýki eins og t.d. svefn og heilsa, sjálfumönnun, meðvirkni, meðgöngusykursýki, sárameðferð, streita og heilsuefling. Fræðslan fór fram í fundarsal Nauthóls í Nauthólsvík og einnig var fræðsla í streymi fyrir alla meðlimi fagdeildarinnar.

Svefn og heilsa: 1. September 2022, kl. 14:00 til 16:00

Betri svefn – grunnstoð heilsu. Dr. Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og framkvæmdastjóri Betri svefns Svefn, syfja og sykur: Dr. Erna Sif Arnardóttir, lektor við verkfræði- og tölvunarfræðideildir HR og forstöðumaður Svefnseturs HR

Svefnvandi frá sjónarhóli hjúkrunar; skimun, greining og meðferð. Aðalbjörg Albertsdóttir, hjúkrunarfræðingur með meistaragráðu í heilbrigðisvísindum og hjúkrunarstjóri taugasviðs, Reykjalundi

Sykursýki: sjálfumönnun, meðvirkni, meðgöngusykursýki, sárameðferð og aðkoma hjúkrunarfræðinga að bættum lífsgæðum þessara einstaklinga. 13. október kl. 14:00 til 17:00

Sjálfsumönnun: Kristín Guðný Sæmundsdóttir, heilsugæsluhjúkrunarfræðingur MSc, heilsugæslustöðinni Sólvangi

Meðvirkni – áhrif á líf og starf! Gyða Dröfn Tryggvadóttir, lýðheilsufræðingur EMPH og meðferðaraðili í áfalla- og uppeldisfræðum Piu Melody

Reynsla kvenna af því að greinast með meðgöngusykursýki: Emilía Fönn Andradóttir, hjúkrunarfræðingur Innkirtlamóttöku SAK

Fótamein hjá einstaklingum með sykursýki: Guðbjörg Pálsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með sár.

Sykursýki og streita: 10. nóvember 2022 kl. 14:00 til 17:00

Streita- hvað gerist, hvað skiptir máli og hvað með sykurrinn... Kristín Sigurðardóttir, slysa- og bráðalæknir, aðjúnkt við Læknadeild HÍ og formaður Fræðslustofnunar Læknafélags Íslands
Glooko – nýjung í meðferð sykursýki: Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir, markaðsstjóri Novo Nordisk á Íslandi
Alþjóðaleiðbeiningarnar 2022 fyrir meðferð tegund 2 sykursýki. Steinunn Arnardóttir, sérfræðilæknir í almennum lyflækningum, innkirtlalækningum og sykursýki á göngudeild innkirtlasjúkdóma á Landspítala

Hvernig verndum við hjarta (og nýru) hjá sjúklingum með DM2? Helga Margrét Skúladóttir, hjarta- og lyflæknir LSH og Hjartamiðstöðinni

Sykursýki og heilsuefning: 6. desember 2022, kl. 17:00 til 20:00

Áföll í æsku og algengi sykursýki 2: niðurstöður úr Áfallasögu kvenna. Elísabet Unnur Gísladóttir, Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Hjarta og heilsa kvenna: Inga Valborg Ólafsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun hjartasjúklinga sem starfar á Göngudeild kransæða og á Hjartagátt

Einstaklingar sem lifa með offitu – meðferð á Reykjalundi. Olga Björk Guðmundsdóttir, hjúkrunarstjóri/formaður teymis efnaskipta og offitusviðs á Reykjalundi

Heilsuefandi þjónusta í heilsugæslu – aukin sjálfvirknivæðing. Jórlaug Heimisdóttir, verkefnastjóri heilsuefandi þjónustu hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Algengi sykursýki tegund 2 á Íslandi: Bolli Þórsson, sérfræðingur í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum

Hringborðsumræður voru haldnar 8. september 2022 frá kl. 17:00 til 19:00 í samstarfi við Sanofi.

Sykursýki og fordómar – Hin duldu félagslegu áhrif á sjúklinga við greiningu. Kristín Ómarsdóttir lýðheilsufræðingur hjá Heilsuseiglu var með fyrirlestur og umræður um þetta áhugaverða málefni

Þátttaka stjórnarmeðlima í ráðstefnum á árinu

Hafðís Lilja Guðlaugsdóttir fór á EASO ráðstefnuna í Kaupmannahöfn 17.-19. nóvember 2022 og á IDF ráðstefnuna í Lissabon 5.-8. desember 2022. Kristín Linnet Einarsdóttir fór á EASD í Stokkhólmi 19.-23. September 2022. Rut Gunnarsdóttir tók þátt í ENDA 2022 European Nurse Directors Association ráðstefnunni sem var haldin á Selfossi 14. -17. september 2022.

Ef Innlendur styrkur frá Fíh þá skal geta þess og í hvað hann var notaður. Fagdeildin fékk 300.000.- krónu styrk. Af honum var ekkert notað. Búið er að sækja um 300.000 krónu styrk fyrir árið 2023 sem var samþykktur.

Starf nefnda innan fagdeilda t.d. fræðslunefnda: Engin verkefni á árinu. **Starf sjóða t.d.**

styrktarsjóða. Hverjir fengu styrk, í hvað og upphæð. Fagdeildin er ekki komin með styrktarsjóð

Erlent samstarf: Norrænt samstarf ekki hafið. Alþjóðlegt samstarf ekki hafið. Evrópskt samstarf felst í að meðlimir stjórnar eru sjálfir skráðir hjá FEND samtökunum **The Foundation of European Nurses in Diabetes**. Ekki hægt að skrá fagdeildina sem meðlim í samtökin.

Reykjavík, 13. febrúar 2023

Fyrir hönd stjórnar, Rut Gunnarsdóttir, formaður Fagdeildar fyrir hjúkrunarfræðinga sem sinna einstaklingum með sykursýki